

Setning

Þórir Ingason
Vegagerðin

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar, sem nú er haldin í 12. sinn, markar viss tímamót. Þetta er fyrsta ráðstefnan sem haldin er eftir að Vegagerðin hin nýja varð til, sem varð 1. júlí 2013. Nú eru vita- og hafnarmál orðin hluti af starfsemi stofnunarinnar þó nafnið, Vegagerðin, hafi haldist óbreytt á íslensku. Hins vegar má marka breytinguna í nýju ensku heiti stofnunarinnar sem er nú Icelandic Road and Coastal Administration, skammstafað IRCA. Þessi tímamót hafa reyndar lítil áhrif á ráðstefnuna í þetta sinn, þar sem aðallega eru kynnt verkefni sem fengu styrk árin 2012 og 2013 og fóru af stað áður en nýja stofnunin varð formlega til. Væntanlega mun breytt starfsvið stofnunarinnar hafa áhrif á efni á komandi ráðstefnum, en unnið er að stefnumörkun fyrir nýja stofnun og í samhengi við það verður rannsóknastefnan og skipulag rannsóknastarfsins endurskoðað.

Fáein orð um fjárhag rannsóknasjóðsins. Eftir niðurskurð á árunum 2010 til 2012 glæddust vonir um að það væri að birta til og fyrir árið 2013 hafði sjóðurinn 148 milljónir til ráðstöfunar, sem nokkurn veginn jafnaði það hæsta fram að því. Í fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014 var talan 170 milljónir fyrir 2014. En í tillögum að fjárlagafrumvarpi hafa þessar 170 milljónir verið skornar niður í um 145 milljónir. Ekki má heldur gleyma því að þetta er heldur lægri upphæð en ætti að vera ef lagabókstaf, um að 1,5% af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar skuli veitt til rannsóknasjóðsins, væri fylgt. Þá væri upphæðin vel yfir 200 milljónum. Miðað við umsóknir um styrki undanfarin ár væri full þörf á að hafa meira til úthlutunar, en ávallt hefur þurft að hafna góðum verkefnum auk þess sem oft er ekki veitt full fjárveiting í samræmi við umsóknir.

Á ráðstefnuna eru skráðir rúmlega 190 þáttakendur. Það er svipað og árið 2012, sem var met. Bodið er upp á kynningu á 18 verkefnum, sem eru af ýmsum toga þannig að fjölbreytni er töluverð eins og ávallt. Í þetta sinn voru mun fleiri sem sýndu áhuga á að kynna verkefni sín en oft áður og því varð að velja og hafna. Það var að sjálfsögðu ekki auðvelt, en þeir sem ekki komust að fengu tilboð um að kynna viðkomandi verkefni á veggspjaldi. Veggspjöld voru 16 talsins. Ákveðið er að brydda upp á nýjung varðand veggspjöldin, þannig að morgunkaffítímann er lengdur í 45 mínútur. Höfundar veggspjalda sem tók hafa á, eru við sín spjöld og svara spurningum og ræða efni þeirra við ráðstefnugesti sem það vilja.

Ágrip af nánast öllum erindum sem haldin eru, má eins og áður finna á vef Vegagerðarinnar auk þess sem glærurnar sem fyrirlesarar nota eru einnig settar þangað inn. Það er rétt að taka fram að það sem kynnt er á ráðstefnunni er aðeins hluti af því rannsóknastarfi sem styrkt er af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Því er minnt á að allar skýrslur sem skilað er um rannsóknaverkefni, má finna á vef Vegagerðarinnar undir „upplýsingar og útgáfa“.

Ráðstefnustjóri er G.Pétur Matthíasson upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar